

Nd.

971. Frumvarp til laga

[431. mál]

um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu fimm laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaganna að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼ ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekanda.

Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja launþegans skal atvinnurekandi tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma sem vinnuveitandi ákveður skv. 5. gr. skal hann sanna forföll sín með læknisvottorði. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma á hann rétt á að fá orlofslaun sín greidd ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári.

Orlofslaun reiknast við hverja launagreiðslu þannig að af heildarlaunum reiknast orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof skv. 3. gr. Reiknuð orlofslaun fyrir hvert launatímabil skulu kauptryggð þannig að deilt skal í fjárhæð áunninna orlofslauna með dagvinnukaupi starfsmannsins. Orlofslaun fyrir hvert launatímabil reiknast samkvæmt þessu í dagvinnutímum og skulu þau skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtala áunninna orlofslauna frá upphafi orlofsárs og orlofslaun vegna þess greiðslutímabils.

Launþega skulu greidd áunnin orlofslaun samkvæmt framanskráðu næsta virkan dag fyrir töku orlofs og greiðast þau miðað við dagvinnutímakaup starfsmannsins eins og það er fyrsta dag orlofsins.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti þeirra því samþykkur. Þá er stéttarfélögum einnig heimilt að semja um þá framkvæmd að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega hjá banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, til launþega við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

Orlofslaun reiknast ekki af orlofslaunum.

8. gr.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri á meðan á orlofi stendur vegna þess að starfsfólki er veitt orlof samtímis og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki karfist launa eða orlofslauna fyrir þá daga sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofslauna launþega sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. gr. eða 8. gr. vegna greiðsluferfiðleika, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til félagsmálaráðuneytisins með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ráðuneytið skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ráðuneytið innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ráðuneytinu var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir, jafnháir þeim sem Seðlabanki Íslands ákveður, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ríkissjóðs vegna innlestrar orlofslaunakröfu má taka lögtaki, sbr. l. nr. 29 16. desember 1885. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabú vinnuveitandans.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsal orlofslauna og flutningur þeirra á milli orlofsára er óheimilt.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1988. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 87/1971, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um hvernig uppgjör áunnins orlofsfjár fram til 30. apríl 1988 skv. lögum nr. 87/1971, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 150/1972, með áorðnum breytingum, skuli háttað. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

G r e i n a r g e r ð .

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 11. mars 1983 til þess að endurskoða gildandi reglugerð um orlof nr. 150/1972 og lög um orlof nr. 87/1971, hvort tveggja með síðari breytingum, enda leiddi athugun nefndarinnar í ljós nauðsyn á breytingu laganna. Endurskoðun þessi skyldi sérstaklega taka til þeirra ákvæða er lúta að innheimtu og vörslu orlofsfjár í ljósi þeirrar þróunar er orðið hafði frá setningu umræddra laga- og reglugerðarákvæða.

Í nefndina voru skipuð: Björn Björnsson og Lára V. Júlíusdóttir, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Kristinn F. Árnason, eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna, og án tilnefningar Jón Páll Halldórsson, Karvel Pálmason og Arnmundur Backman sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hann lét af störfum í júní 1983 og var Gestur Jónsson hrl. skipaður formaður í hans stað. Þá lét Kristinn F. Árnason enn fremur af störfum í nefndinni, en í hans stað var Jón Steindór Valdimarsson skipaður í nefndina.

Markmið nefndarstarfsins.

Í upphafi miðaði starf nefndarinnar einkum að því að einfalda og bæta þau ákvæði orlofslaga og reglugerðar sem miða að innheimtu og skilum á orlofsfé. Á síðari stigum nefndarstarfsins varð hins vegar um það full samstaða innan nefndarinnar að nauðsynlegt væri að gera tillögur um róttækari breytingar á lagareglum um laun í orlofi en upphaflega var að stefnt. Verður nánar vikið að því síðar.

Efnisákvæði gildandi laga.

Í gildandi lögum er annars vegar fjallað um rétt starfsmanna til orlofs, sbr. einkum 2. gr. laganna, en hins vegar um rétt til greiðslna í orlofi. Er við það miðað að greiðslumáti sé með tvennum hætti, þ.e. annars vegar orlofslaun, sbr. 8. gr. laganna, en hins vegar orlofsfé,

sbr. einkum ákvæði 7. gr. Fastir starfsmenn eiga samkvæmt lögnum rétt á föstum launum í orlofi í samræmi við áunninn orlofsrétt á liðnu orlofsári. Þeir sem ekki teljast fastir starfsmenn skulu hins vegar fá greitt orlofsfé af öllum launum, 10,17%, enda kveði kjarasamningar ekki á um meiri rétt. Orlofsfé ber samkvæmt ákvæðum 7. gr., sbr. 11. gr. laganna og reglugerð nr. 150/1972, að greiða inn á orlofsreikning viðkomandi launþega hjá orlofsdeild póstgíróstofunnar. Póstgíróstofan er ábyrg fyrir skilum orlofsfjárins og ákvæði reglugerðarinnar standa til þess að það greiðist út þegar launþegi fer í orlof, enda sé það sannað með vottorðum vinnuveitenda og trúnaðarmanns viðkomandi verkálýðsfélags. Þessari reglu hefur þó ekki verið fylgt í framkvæmd, heldur hefur allt orlofsfé viðkomandi launþega vegna launagreiðslna á næst liðnu orlofsári verið kræft strax eftir 1. maí.

Ákvæði laga og reglugerða hafa þannig staðið til þess að orlofsfé allra starfsmanna, sem ekki njóta þriggja mánaða uppsagnarfrests og teljast þar með fastir starfsmenn í skilningi 8. gr. laganna, skuli greitt inn til póstgíróstofunnar á orlofsreikning hlutadeigandi starfsmanns. Sama gildir um orlofsfé af yfirvinnu fastra starfsmanna og áunnin orlofslaun ef starfsmaður lætur af störfum á orlofsári.

Á þessari framkvæmd hafa alla tíð verið miklir annmarkar. Þannig má ætla að mjög hafi tíðkast að fastir starfsmenn fengu uppert áunnið orlof við starfslok. Þá mun alengt að fastir starfsmenn fái orlof af yfirvinnu greitt jafnharðan. Í hvorugu þessara tilvika hafa greiðslur því borist til póstgíróstofu. Loks hafa námsmenn átt rétt til útborgunar orlofsfjár án tillits til orlofstöku.

Árið 1982 samdi Alþýðusamband Vestfjarða við vinnuveitendur og bankastofnanir á Vestfjörðum um aðra skipan þessara mála. Samkvæmt rammisamningi þessara aðila skyldi gera þríhliða samning milli einstakra fyrirtækja, verkálýðsfélaga og banka um innheimtu banka á öllu orlofsfé, svo og orlofslaunum starfsmanna, sem greiddist á sérstakan orlofsreikning viðkomandi starfsmanns. Orlofsreikningur þessi skyldi bundinn til 1. maí ár hvert, en bankinn ábyrgðist greiðslur til launþega og innheimtu hjá viðkomandi fyrirtæki. Jafnframt samdist um vaxtakjör á innborguðu orlofsfé sem voru til muna hagkvæmari en sú ávöxtun sem komið hafði á orlofsfé í vörslu póstgíróstofunnar. Fleiri samningar af þessu tagi hafa fylgt á eftir.

Samningar Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða fólu þannig í sér verulega breytingu frá því sem almennt gildi um meðferð orlofsfjár. Bar þar hæst hærrí ávöxtun á orlofsfé launþega en fékkst hjá orlofsdeild póstgíróstofunnar. Þó var það mat þeirra verkálýðsfélaga er að samningunum stóðu að með þessum hætti væri greiðsluréttur launþega betur tryggður en vera mundi samkvæmt hinu almenna innheimtukerfi póstgíróstofunnar. Loks töldu fulltrúar ASV að innstæður á sérgreindum bankareikningum sköpuðu félagsmönnum þeirra tryggari stöðu fjárhagslega, auk þess sem fjármunirnir væru með þessum hætti ávaxtaðir í heimabyggð og styrktu þannig atvinnulífið á Vestfjörðum.

Af hálfu póstgíróstofunnar var á það bent að staða hennar til innheimtu á orlofsfé væri um margt erfið því að engin tæmandi skrá væri til yfir launagreiðendur og enn síður lægju fyrir upplýsingar um það hverjum bæri að greiða orlofsfé og þá af hvaða stofni og hverjum bæri að greiða laun í orlofi. Um þetta efni yrði ekki úrskurðað nema á grundvelli upplýsinga um sérhvern launþega og það raunar fyrir hvert greiðslutímabil.

Af þessum sökum kannaði nefndin í upphafi hvort mögulegt væri að færa alla innheimtu orlofsfjár til banka og sparisjóða með svipuðum hætti og samningar Vestfirðinga miðuðu við. Ítarlegar viðræður við forsvarsmenn Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða leiddu hins vegar í ljós að á því væri í reynd enginn kostur. Bar þar margt til og m.a. það að bankarnir reyndust ekki reiðubúnir til að taka á sig almenna ábyrgð á greiðslu orlofsfjár þótt þeir hefðu reynst reiðubúnir til þess í einstaka tilvikum.

Í starfi nefndarinnar hefur enn fremur komið fram að sú ríkisábyrgð, sem í reynd hefur verið á orlofsfjárgreiðslum, hefur ekki gengið með öllu áfallalaust og hefur pósthólfstofan árlega þurft að greiða út háar fjárhæðir orlofsfjár án þess að greiðslur hafi borist frá viðkomandi fyrirtækjum. Kröfur pósthólfstofunnar vegna vangreidds orlofsfjár hafa því numið háum fjárhæðum. Það er mat nefndarinnar að í þessu efni hafi ekki tekist til sem skyldi því að ábyrgð pósthólfstofunnar virðist í nokkrum tilvikum hafa leitt til þess að sá hluti launagreiðslna, sem tengist orlofi, hafi í reynd mætt afgangi í skjóli margnefndar greiðslu-ábyrgðar pósthólfstofunnar. Í þessu efni hafi því orðið of langt á milli launagreiðenda og móttakenda fjárlins.

Hér að framan hefur verið vikið nokkuð að þeim mun sem er á greiðslum orlofsfjár og orlofslauna. Í eðli sínu er hér um sömu greiðslur að ræða. Munurinn felst fyrst og fremst í verðtryggingu eða ávöxtun kröfunnar. Orlofslaunin njóta kauptryggingar, en orlofsfé ber að leggja inn á reikning orlofsdeildar eða banka og ber það vexti allt til gjalddaga. Fram til þess tíma að heimilt var að verðtryggja innlán í peningastofnunum má fullyrða að orlofslaun héldu til muna betur verðgildi sínu en orlofsfé sem ávaxtað var hjá pósthólfstofu eða í banka. Á árunum 1982–1984 breyttust þessi viðhorf hins vegar nokkuð og er t.d. ljóst að þeir launþegar, sem fengu greitt út orlofsfé sumarið 1984, stóðu betur að vígi en þeir sem fengu laun greidd í orlofi. Þetta orsakaðist af sérstökum aðstæðum þar sem reikningsinnstæður nutu verðtryggingar og vaxta en kaupgjald lækkaði að raungildi. Almennt má hins vegar ætla að orlofslaun, þ.e. kauptrygging orlofsréttarins, færi launþegum síst lakari stöðu en verðtrygging og vextir. Um þetta verður þó ekki fullyrt til langframa en ljóst er að orlofslaun tryggja undantekningarlítið launþegum a.m.k. sömu kjör í orlofi og á öðrum tímabilum ársins. Það eitt og sér verður að teljast uppfylla þau markmið sem samningar og lög um orlof stefna að.

Tillögur nefndarinnar.

Með hliðsjón af skipunarbréfi nefndarinnar setti hún sér það markmið að leita leiða til að einfalda orlofsgreiðslukerfið og tryggja öllum launþegum hliðstæðan rétt til orlofsgreiðslna og ávöxtunar þessara greiðslna. Margvíslegar hugmyndir komu fram í þessu efni, en að lokinni viðamikilli athugun varð nefndin sammála um að afnema bæri þann mun á greiðsluformi orlofs sem felst í aðgreiningu orlofsfjár og orlofslauna. Taldi nefndin eðlilegt að miða við að launþegum yrði tryggt að verðgildi áunnins réttar til greiðslna í orlofi fylgi verðgildi launa þannig að orlofsrétturinn verði í reynd kauptryggður.

Tillögur nefndarinnar felast því fyrst og fremst í ákvæðum 7. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir því að við hverja launagreiðslu sé orlofsréttur starfsmanns vegna viðkomandi greiðslutímabils reiknaður út sérstaklega. Þessi réttur verði kauptryggður með því að reikna hann til jafngildis dagvinnustunda á kaup-taxta viðkomandi launþega og greiðist út við töku orlofs á því kaup sem þá gildir. Á hinn bóginn taldi nefndin eðlilegt að tryggja rétt stéttarfélagala til að gera samninga um bankainnheimtu orlofsfjár svo sem nú tíðkast og eru ákvæði þar um í 7. gr. frumvarpsins.

Þessi greiðslumáti orlofs hefur rutt sér til rúms í nokkrum fyrirtækjum á síðustu árum og hefur mælst vel fyrir. Mörg fyrirtæki beita nú tölvutækni við útreikning launa og gerir það þennan greiðslumáta auðveldan í framkvæmd. Í þessu sambandi er og til þess að líta að nái fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar fram að ganga er nauðsynlegt að breyta launaforritum fyrirtækja og væri þá samtímis unnt að gera þær breytingar sem frumvarp þetta veldur. Nefndin varð sammála um allt meginefni frumvarpsins en ágreiningur varð um það hvernig með skuli fara þá launþegi lætur af störfum á orlofsárinu. Tillögur meiri hluta nefndarinnar eru í 8. gr., en jafnframt er vísað til sérálits minni hluta nefndarinnar sem fylgir frumvarpi þessu.

Að öðru leyti vísast um nánari skýringar til athugasemda við einstakar greinar frumvarpins. Sérálit Björns Björnssonar og Láru V. Júlíusdóttur um uppgjör orlofslauna við ráðningarslit er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Óbreytt, nema hvað orðin „ásamt orlofsfé“ falla niður, enda er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir þeim mun orlofslauna og orlofsfjár sem gerður er í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt.

Um 3. gr.

Óbreytt.

Um 4. gr.

Óbreytt, nema hvað 3. mgr. fellur niður, enda óþörf þar sem orlofslaun skal greiða út við ráðningarslit, sbr. 8. gr.

Um 5. gr.

Óbreytt.

Um 6. gr.

Á 1. mgr. er sú breyting gerð að nægjanlegt er að sanna veikindi með læknisvottorði. Í 2. mgr. er orðinu „orlofsfé“ breytt í orlofslaun, sbr. athugasemd við 1. gr.

Um 7. gr.

Í greininni felst grundvallarbreyting á útreikningi og greiðslufyrirkomulagi launa í orlofi. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð skal orlofsfé, þ.e. orlof af launum annarra en fastráðinna starfsmanna og orlof af yfirvinnu allra launþega, greiðast inn á póstgíróstofuna sem varðveitir það og ávaxtar og annast um útborgun þess til launþega þegar að orlofstöku kemur. Janframt skal póstgíróstofan annast innheimtu alls orlofsfjár sem lendir í vanskilum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst dýrt og auk þess er það öðrum annmörkum háð. Skal t.d. bent á að þrátt fyrir ákvæði laganna og reglugerðarinnar hefur sú framkvæmd breiðst út, m.a. á Vestfjörðum, að atvinnurekendur greiða orlofsfé og reyndar einnig orlofslaun inn á sérstaka bankareikninga launþega sem lausir eru til útborgunar eftir 1. maí ár hvert. Hefur þetta fyrirkomulag orðið í fullu samráði og stundum að frumkvæði viðkomandi stéttarfélaga. Þá er vitað mál að margir launagreiðendur gera orlofsfé beint upp við launþega sína án milligöngu póstgíróstofunnar.

Allt þetta skapar póstgíróstofunni mikla örðugleika við að fylgjast með því hverjir launagreiðendur standa í skilum og hverjir ekki og hefur það skapað mikla erfiðleika við innheimtu og eftirlit.

Í 7. gr. frumvarpsins felst að allur réttur til launa í orlofi verður í formi orlofslauna sem greiðast af launagreiðanda til launþega við upphaf orlofstöku, nema til ráðningarslita komi, sbr. 8. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. kemur fram hvernig reikna skal út orlofslaun. Kemur þar fram að orlofslaun eru „kauptryggð“, þ.e. fjárhæð þeirra fylgir þeim breytingum sem kunna að verða á kaupi launþegans fram til orlofstöku, sbr. 3. mgr.

Í 3. mgr. er ákveðinn gjalddagi orlofslauna og viðmiðunardagur kauptryggingar.

Í 4. mgr. er heimilað að orlofslaun mánaðarkaupsmanna séu greidd á sama tíma og launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti þeirra því samþykkur. Með meiri hluta er átt við meiri hluta mánaðarkaupsmanna hjá sama launagreiðanda. Þá er einnig heimilað að greiða orlofslaun jafnharðan inn á sérstaka orlofsreikninga launþega hjá banka eða sparisjóði. Þessi háttur er einungis heimill með milligöngu stéttarfélags. Skal þá tryggt að viðkomandi bankastofnun greiði út inn unnin orlofslaun við orlofstöku launþega hvort sem launagreiðandi hefur staðið skil á greiðslunum eða ekki. Ríkisábyrgð á greiðslu orlofslauna, sbr. 11. gr. frumvarpsins, verður ekki sé þessi háttur á hafður og er því nauðsynlegt að félagsmálaráðuneytinu verði tilkynnt um gerð og slit slíkra samninga. Þetta fyrirkomulag um orlofsreikninga í bönkum og sparisjóðum hefur verið viðhaft á Vestfjörðum í nokkur ár með þrífliða samkomulagi bankastofnunar, stéttarfélags og vinnuveitanda.

5. mgr. er í samræmi við gildandi lög og skýrir sig sjálf.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Gert er ráð fyrir því að við öll ráðningarslit skuli launagreiðandi gera upp við launþegann áunnin orlofslaun. Með þessu er vikið frá þeirri forsjá sem felst í gildandi lögum, þ.e. að orlofslaunin skuli varðveitt með þeim hætti að launþeginn geti ekki fengið þau útborguð fyrir en hann tekur orlof á orlofstímabilinu.

Ekki varð samstaða í nefndinni um þessa grein og hafa tveir nefndarmanna skilað séráliti sem fylgir frumvarpinu.

Um 9. gr.

Óbreytt, nema hvað í stað orlofsfjár komi orlofslaun.

Um 10. gr.

Sama athugasemd og um 9. gr.

Um 11. gr.

Nýmæli. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að núverandi hlutverk orlofsdeildar póstgíróstofunnar við innheimtu og útborgun orlofslauna falli niður. Í stað þess kemur sú ábyrgð ríkissjóðs á orlofslaunagreiðslunni sem kemur fram í greininni. Verði launagreiðandi gjaldþrota fer um rétt launþegans eftir lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Í 2. mgr. kemur fram að ríkissjóður skal innleysa kröfuna innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans er sett fram, studd nægjanlegum gögnum. Ekki þykir rétt að hafa frest þennan styttri vegna hættu á að launagreiðendur muni reyna að koma orlofslaunagreiðslum sínum yfir á ríkissjóð. Er því æskilegt að það skipti launþegann nokkru máli að það sé launagreiðandinn en ekki ríkissjóður sem sér um greiðsluna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um viðurlög sem falla á innleysta orlofslaunakröfu ríkissjóðs. Ekki þykir rétt að halda refsíákvæðum 15. gr. gildandi orlofsлага þar sem gert er ráð fyrir beitingu sekta og varðhalds, enda er höfundum frumvarpsins ekki kunnugt um að þeim hafi nokkru sinni verið beitt. Þykir eðlilegra að ákvarða viðurlögin með þeim hætti sem gert er í greininni. Þá þykir eðlilegt að þeir launagreiðendur, sem vanefna skyldu til útborgunar orlofslauna, beri þann kostnað sem óhjákvæmilega hlýtur að verða hjá ríkissjóði við að innleysa orlofslaunakröfur.

4. mgr. er sett til þess að gera ríkissjóði hægara að ná aftur orlofslaunakröfum sem hafa verið innleystar.

Um 12. gr.

Óbreytt.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga. Síðari málsgrein núverandi 13. gr. er felld niður. Tekið skal fram að þrátt fyrir orðalag greinarinnar er að sjálfsögðu heimilt að framselja orlofslaunakröfu til ríkissjóðs ef um innlausn skv. 11. gr. er að ræða. Sama gildir um framsal til banka eða sparisjóðs ef slík stofnun greiðir orlofslaunakröfu samkvæmt samningi heimiludum í 4. mgr. 7. gr. og bankinn eða sparisjóðurinn hefur ekki fengið skil frá launagreiðanda.

Um 14. gr.

Óbreytt.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ef sú breyting verður gerð á orlofslögum sem ráðgerð er í þessu frumvarpi þarf að taka ýmsar ákvarðanir varðandi m.a. lok á starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar. Þykir eðlilegt að félagsmálaráðherra setji reglur um þau atriði í samráði við þá aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Fylgiskjal.

Sérálit Björns Björnssonar og Láru V. Júlíusdóttur.

Undirritaðir nefndarmenn geta ekki fallist á það sjónarmið meiri hluta nefndarinnar að orlofslaun skuli í öllum tilvikum greidd út við starfslok. Ljóst er að stórir hópar fólks á almennum vinnumarkaði taka einungis hluta þess orlofs sem áskilið er með lögum og kjarasamningum. Rík ástæða er til þess að löggjafinn stuðli að því svo sem mest má verða að launafólki verði kleift að taka orlof og í gildandi ákvæðum laga eru reyndar refsíákvæði sé slíkt ekki gert. Því þykir okkur með öllu ótímabært að falla frá því forsjársjónarmiði sem jafnan hefur legið til grundvallar lagaákvæðum um uppgjör orlofs og leggjum því til að meginreglan verði að orlofslaun leggist á banka eða sparisjóð við starfslok. Til nokkurrar einföldunar þykir þó rétt að heimila að orlofsréttur, sem myndast vegna skammtímaráðninga, verði greiddur starfsmanni við starfslok.

Gert er ráð fyrir því að ef misbrestur verður á uppgjóri orlofs geti launþegi eða viðkomandi verkafélagsfélag á grundvelli ákvæða í 11. gr. snúið sér til félagsmálaráðuneytisins vegna innheimtu kröfu.

Með vísan til þessa gerum við tillögu um svofellt orðalag á 8. gr. frumvarpsins:

8. gr.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða öll áunnin orlofslaun launþega samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr. á bundinn reikning á nafni launþega í banka eða sparisjóði. Reikningar þessir skulu lausir 1. maí næstan á eftir og njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði. Skyld skal vinnuveitanda að verða við óskum launþega um vörslustað fjárisins.

Standi ráðning skemur en tvo mánuði skal heimilt að greiða launþega áunnin orlofslaun við starfslok. Sama gildir ef um er að ræða skólafólk við sumarstörf þótt ráðning standi lengur.